

## REGLUR

### um breytingu á prófareglum fyrir Háskólann á Akureyri.

#### 1. gr.

5. gr. d) orðast svo:

Standist nemandi ekki próf er honum heimilt að endurtaka það einu sinni í reglulegri próftíð (desember, maí og ágúst) án kostnaðar. Þurfi nemandi að taka próf í þriðja sinn þá greiðir hann 6.000 kr. Nemendur greiða 6.000 kr. í próftökugjald fyrir öll sjúkra- og endurtökupróf sem haldin eru í janúar og júní. Eftir þriðju tilraun ber nemanda að greiða hálfkrásetningargjald, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 40/1999, fyrir hverja próftilraun. Greiðsla fer fram við skráningu í próf.

#### 2. gr.

Reglur þessar eru samþykktar á grundvelli laga nr. 40/1999 um Háskólann á Akureyri. Reglur þessar öðlast þegar gildi.

*Háskólanum á Akureyri, 21. október 2005.*

**Þorsteinn Gunnarsson** rektor.

\_\_\_\_\_  
*Anna Þóra Baldursdóttir,*  
*varaforseti háskólaráðs.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 21. nóvember 2005